



Borgarráð Reykjavíkurborgar
Ráðhúsi Reykjavíkur
101 Reykjavík

Reykjavík 22. desember 2020
Mál nr. 2011022

Efni: Endurgreiðsluhlutfall vegna Lífeyrissjóðs starfsmanna Reykjavíkurborgar.

Á fundi stjórnar Lífeyrissjóðs starfsmanna Reykjavíkurborgar þann 22. desember sl. var lagt fram bréf tryggingastærðfræðings sjóðsins Bjarna Guðmundssonar, dagsett 30. nóvember 2020 þar sem lagt er til að endurgreiðsluhlutfall launagreiðenda á greiddum lífeyri í Lífeyrissjóði starfsmanna Reykjavíkurborgar fyrir árið 2021 verði 73%. Hlutfallið er óbreytt frá fyrra ári.

Stjórn lífeyrissjóðsins hefur samþykkt tillögu tryggingastærðfræðingsins og vísar málinu til afgreiðslu Borgarráðs Reykjavíkurborgar í samræmi við ákvæði gr. 22.1 í samþykktum sjóðsins sem er svohljóðandi:

„Borgarsjóður og viðkomandi stofnanir sem tryggt hafa starfsmenn í sjóðnum skulu endurgreiða sjóðnum mánaðarlega tiltekinn hundraðshluta af útgjöldum hans til lífeyrisgreiðslna. Borgarstjórn ákveður hundraðshluta þennan til eigi skemmri tíma en til eins árs í senn að fenginni umsögn tryggingastærðfræðings og sjóðsstjórnar. Við þá ákvörðun skal miðað við að endurgreiðsla ásamt innborguðum iðgjöldum miðað við þá ávöxtun sem gert er ráð fyrir við tryggingafræðilega athugun sjóðsins gæti staðið undir öllum lífeyrisgreiðslum og rekstarkostnaði. Við útreikninga skal gert ráð fyrir að ávöxtun hefði náðst allan rekstartímann og útreiknað endurgreiðsluhlutfall verið í gildi. Til framtíðar skal reiknað með tryggingafræðilegum forsendum um lífs- og örorkulíkur sem gildandi eru á hverjum tíma.“

Hjálagt er bréf tryggingastærðfræðings.

Virðingarfyllt,
f.h. Lífeyrissjóðs starfsmanna Reykjavíkurborgar


Gerður Guðjónsdóttir,
framkvæmdastjóri

2020-11-30

Gerður Guðjónsdóttir framkvæmdastjóri
Lífeyrissjóði starfsmanna Reykjavíkurborgar

Umsögn um endurgreiðsluhlutfall lífeyris árið 2021

Samkvæmt 22. gr samþykktu Lífeyrissjóðs starfsmanna Reykjavíkurborgar skal borgarstjórn ákveða til eigi skemmri tíma en eins ár í senn hlutfall sem borgarsjóður og viðkomandi stofnanir skulu endurgreiða sjóðnum af útgjöldum hans til lífeyrisgreiðslna. Hlutfallið skal ákveðið að fenginni umsögn sjóðsstjórnar og tryggingastærðfræðings.

Um aðferð við útreikning á hlutfallinu segir svo í 22. grein:

“Við þá ákvörðun skal miðað við að endurgreiðsla ásamt innborguðum iðgjöldum miðað við þá ávöxtun sem gert er ráð fyrir við tryggingafræðilega athugun sjóðsins gæti staðið undir öllum lífeyrisgreiðslum og rekstarkostnaði. Við útreikninga skal gert ráð fyrir að ávöxtun hefði náðst allan rekstrartímann og útreiknað endurgreiðsluhlutfall verið í gildi. Til framtíðar skal reiknað með tryggingafræðilegum forsendum um lífs- og örorkulíkur sem gildandi eru á hverjum tíma.”

Að því er stefnt að framlög hvers launagreiðanda, iðgjöld að viðbættum endurgreiðslum á lífeyri, standi að jafnaði undir þeim lífeyrisréttindum sem starfsmenn launagreiðandans munu njóta hjá sjóðnum. Bakábyrgð borgarsjóðs verði aðeins virk að því marki sem fjárfestingar sjóðsins hafa ekki skilað eðlilegri ávöxtun, eða ef aðrir launagreiðendur reynast ófærir um að standa við skuldbindingar sínar. Miðað verði við að sjóðurinn skuli til jafnaðar ná 3,5% ávöxtun umfram hækkun verðlags.

Forsendum um lífslíkur var breytt við tryggingafræðilega athugun sjóðsins sem framkvæmd var á árinu 2020, miðað við lok árs 2019, sem er nýjasta athugun sem fyrir liggur.

Lagt er til að endurgreiðsluhlutfall verði 73% fyrir árið 2021.

Virðingarfyllt,



Bjarni Guðmundsson